



Fundargerð

47. fundur Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
9. apríl 2024, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Elfa Hrund Guttormsdóttir, Jóhanna Björk Sígurbjörnsdóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir og Tanja Veselinovic.

Að auki sátu fundinn Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundarfulltrúi, Perla Dís Gunnarsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Anna Lydía Helgadóttir boðaði forföll. Tanja Veselinovic sat fundinn í hennar stað.

Magnús Einþór Áskelsson boðaði forföll. Elfa Hrund Guttormsdóttir sat fundinn í hans stað.

* * *

1. Kynning á Baun 2. - 12. maí 2024 (2024030098)

Guðlaug María Lewis menningarfulltrúi og Halla Karen Guðjónsdóttir verkefnastjóri viðburðarhalds mættu á fundinn og kynntu Baun – Barna og ungmennahátíð Reykjaneshæjar sem haldin verður 2. – 12. maí nk.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir góða kynningu og fagnar þessu frábæra framtaki.

2. Ráðstefna Samtaka heilsuleikskóla (2024020098)

Skýrsla um framkvæmd ráðstefnunnar lögð fram.

Lýðheilsuráð þakkar þeim sem stóðu að ráðstefnunni og óskar þeim til hamingju með vel heppnaða ráðstefnu sem sannarlega talar inn í verkefnið Reykjaneshær heilsueflandi samfélag.

3. Fundargerð Samtakahópsins frá 18. mars 2024 (2024030167)

Fundargerð Samtakahópsins lögð fram.

Lýðheilsuráð hrósar Samtakahópnum fyrir að standa fyrir kynfræðslu frá Sólborgu Guðbrandsdóttur fyrir ungmennin okkar í Fjörheimum.

4. Heilsueflandi samfélag (2024030096)

Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundarfulltrúi kynnti fyrir lýðheilsuráði ráðleggingar embættis landlæknis.

Lýðheilsuráð hvetur íbúa Reykjaneshæjar til að kynna sér ráðleggingarnar.

5. Sumar í Reykjaneshæ 2024 (2023010324)

Hvað verður í boði fyrir börn, ungmenni og fullorðna í Reykjaneshæ sumarið 2024?

Við óskum eftir sumarefni frá íþróttá- og tómstundahreyfingunni sem og öðrum sem vilja kynna íþróttá-, tómstunda- og leikjanámskeið fyrir bæjarbúum.

Ef félagar eða klúbbar áforma að bjóða börnum, ungmennum og/eða öðrum íbúum í Reykjanesbæ upp á tómstunda- og/eða leikjanámskeið eða aðra afþreyingu í sumar biðjum við um að upplýsingar verði sendar til íþróttá- og tómstundafulltrúa á netfangið: sumar@reykjanesbaer.is fyrir 1. maí nk. Endilega sendið myndir með.

Nánari upplýsingar verða birtar á vefnum fristundir.is

6. Snjallsímalausir skólar (2023030312)

Hafþór Birgisson sagði frá samskiptum við skólastjóra grunnskólans á Egilsstöðum varðandi snjallsímalausa grunnskóla. Verkefnið gengur afar vel þar.

7. Atvinnustefna Reykjanesbæjar - beiðni um umsögn (2023020501)

Atvinnu- og hafnaráð óskar eftir umsögnum um meðfylgjandi drög að atvinnustefnu Reykjanesbæjar 2024 – 2034.

Lýðheilsuráð felur Bjarneyju Rut Jensdóttur formanni ráðsins að koma umsögunum á atvinnu- og hafnaráð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50